

TTAR-

3. ARG. I. TBL.

APRÍL 1987

PÓSTURINN

U P P R I F J U N

ÆP sendir Skógangerðisættinni kveðju guðs og sína. Það er orðið nokkuð langt síðan þetta rit var á ferðinni síðast. Það var nánar tiltekið rjett fyrir mót það sem nefnd ætt efndi til í Skógangerði sumarið 1985. En þó nokkuð sje um liðið vill ritstjóri samt þakka fyrir síðast: Þakka öllum þeim sem tóku þátt í því að gera þetta mót að merkilegum og skemtilegum atburði. Þeir voru margir, allir sem komu, og það komu margir.

Hér verður ekki farið að nefna mörg nöfn og útdeila þakklætisromsum enda er það orðið nokkuð seint. - Ekki verður þó hjá því komist að þakka Víkingi bónda Gíslasyni það að þetta gat orðið að veruleika. Hann átti mestan þátt í því. Hjer má heldur ekki gleyma þeim Skógangerðissystrum. Þær stóðu sig afburða vel. Þær voru gestgjafar sem leingi á að minnast. Seint mun ritstjóra gleymast það góða kaffi sem þær höfðu til reiðu á öllum mögulegum og ómögulegum tímum.

Það er óhætt að óska okkur öllum til hamingju með vel hepnad samkvæmi sumarið 1985. Og kanski væri rjett að fara að huga að næsta móti. Ekki er ráð nema í tíma sje tekið. Með þessu tölublaði er ætlunin þó fyrst og fremst sú að miðla nokkrum þeim tíðindum sem orðið hafa síðan ættarmótið var haldið.

Frjettirnar eru inni í blaðinu. Fylgist með því sem er að gerast. Lesið ÆP.

Í lundir nýrra skóga.

Einsög ættarmótsgestum 1985 er kunnugt hófst skógrækt í Skógargærðislandi það sumar. Voru þá settar niður um 500 plöntur innst á Efsta-hjallanum. Þær plöntur hafa plumað sig vel og sannað að nafn þessa bólstaðar er ekki úti loftið. Skógargærði getur orðið sannnefni áðuren varin. Að því er líka stefnt. Í sumar sem leið var bætt við um 3000 plöntum í girðinguna og á næsta vori er markið sett á 10.000 plöntur. Er ráðgert að koma þessum tíu þúsundum í jörðina í júnímánuði.

En það er ekki erfiðislaust að planta skógi. Það kostar líka peninga. Nú er þess að vanta að einhverja ættarliði fýsi að taka þátt í því erfiði að koma plöntunum í jörðina. Þeir sem til eru í það tusk þurfa að hafa samband við Helga Ómar Bragason (Smárahvammi 10, Fellabæ; sími 97-1979) fyrir 1. júní nk. Hinum, sem eru etv frábitnir erfiði, færum við þau gleðitiðindi að opnaður hefur verið bankareikningur sem leggja má inn á fé skógræktinni til styrktar:

Útibú Búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum.
Skógræktarsjóður c/o Helgi Ómar Bragason,
Smárahvammi 10, Fellabæ.

Reikningsnúmerið er 2 4 1 1 2 7 (gullbók)

Þegar hefur fengist reynsla af því að þessi sjóður verður undravel við áheituð.

Að gera upp hús

Síðastlið sumar tóku skógargærðissystkin sjer fyrir hendur að gera upp gamla íbúðarhúsið í Skógargærði. Þetta hús var byggt á árunum 1915-1916. Steinsteypa í hluta þess varð fyrir frostskemdum þegar í upphafi og alla tíð síðan hefur það drabbast niður.

Deila má um rjettmæti þess að halda við gömlum húsum eða endurbyggja þau en hjer verða ekki reifuð sjónarmið í því efni. Staðreyndin er sú að fyrnefnd systkin hafa ákveðið að endurgera þetta gamla hús. Þessi framkvæmd er þegar nokkuð á veg

komin. Steypt hefur verið utaná þá veggj sem þurfti að styrkja og skift um þak. Húsið verður - að einhverju leyti - gert íbúðarhæft í sumar og hugmyndin er að þarna geti orðið til ættarafdreip. Þessi hugmynd er ekki fullmótuð en væntanlega verða henni gerðir skór með tímanum. Væri þá mikilsvert að sem flestir kæmu fram með sínar hugmyndir um nýtingu hússins.

Endurgerð húsa er ekkert lamb að leika sjer við og ekki er sjeð fyrir endann á þessu fyrirtæki sem kostar að sjálfsögðu mikla peninga. Meiningin með þessu tali er náttúrlega sú að beina því til ættarinnar - og þá alveg sérstaklega til barnabarna þeirra Gísla og Dagnýar sem húsið erfa - að hjer er verk að vinna.

Aðstoð getur verið með tvennu móti: Fyrst er að nefna vinnuframlag. Það sem fyrir liggur að gera í sumar: Að setja gler í glugga og hyggja að lagfæringum innan húss. Gott væri að einhverjir sæu sjer fært að leggja hönd á þann plóg. Þeir ættu þá að hafa sem fyrst samband við Víking á Annórsstöðum eða Indriða. Þess má geta að hægt verður að hita upp húsið og hafast þar við (þó ekki sje um lúxús að ræða).

Í annan stað er svo að nefna sjerstakan bankareikning:

Útibú Búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum.
Húsbyggðingarsjóður c/o Víkingur Gíslason,
Annórsstöðum.

Reikningsnúmerið er: 3 6 1 4

Það var ekki talið viturlegt að ráðast í þessa framkvæmd. Nú verður ekki aftur snúið og reynslan hefur sannað að þetta er ekki óframkvæmanlegt. Orðugasti hjallinn er þegar að baki. Hjeðan af er hægt að taka fyrir minni og viðráðanlegri áfanga. Ekki er þó ráðlegt að draga verkið mjög á lánginn. Étti að stefna að því að því yrði að mestu lokið 1989-90. Við vonum að þessar aðgerðir og áætlanir fái góðar undirtektir. - Margar hendur vinna ljett verk.

Um álfa

Í Skógargærðistúni er hóll einn fremur lágur. Að austan er hann þó brattur nokkuð og eru þar klettur eða klettabelti þverhníft, einkum nyrst í hólnum, við Hólsendann sem svo var kallaður. Ofan við Hólinn er lítið drag en norðan við það stóð gamli bærinn. Í rauninni er þetta einginn hóll heldur hjalli, einn af mörgum sem verða við Lagarfljót í Skógargærðislandi. Undir Hólnum var votlendi, Fit, sem náði niður á Fljótsbakka. Þar er nú tún.

Huldufólk býr í Hólnum og eru margar sagnir um tilvist þess. Hóllinn var leiksvæði Skógargærðisbarna og kom það aldrei fyrir að þau færu sjer að voða framani hólnum. Var þar þó sumstaðar alt að fjöggra metra hæð af þverhníftum klettum og grastorfur hallandi framað brúninni. Mann fram af manni munu húsfreyur í Skógargærði hafa talið börn sín óhult á þessum slóðum þar sem huldufólkið í Hólnum gætti þeirra.

Viðar í Skógargærðislandi eru álfabygðir. Hjer er ekki rúm til að rekja frekari tíðindi af þeim en það verður gert síðar.

Til minnis:

Útibú Búnaðarbánka Íslands á Egilsstöðum.
Skógræktarsjóður c/o Helgi Omar Bragason
Smárahvammi 10, Fellabæ.
Reikningsnúmer: 2 4 1 1 2 7

Útibú Búnaðarbánka Íslands á Egilsstöðum.
Húsbyggðingarsjóður c/o Víkingur Gíslason
Arnórstöðum.
Reikningsnúmer: 3 6 1 4

Lesið um þessa sjóði inni í blaðinu. Heitið á þá.

Ættarpósturinn

Ritstj.: Indriði Gíslason, Barmahlíð 32, 105 Rvík.
Sími 91-25743

Ritstjórnarfulltrúi: Helgi Omar Bragason,
Smárahvammi 10, Fellabæ, 701 Egilsst. Sími
97-1979.